| | | |
|---|---|---|
| Nr.: GAT-115<br>Útgáfa: 01<br>Dags.: 13.02.2019<br>Höfundur: GV<br>Samþykkt: MF<br>Síða 1 af 2 | **Menntaskólinn í Kópavogi**<br><br>**Áfangalýsing SÁLF2BB05** | |

| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 18 júní 2015 – útg. 1 |
| **Námsgrein** | Sálfræði |
| **Titill** | Þroskasálfræði |
| **Skammstöfun** | SÁLF2BB05 |
| **Viðfangsefni** | Þroskasálfræði |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 2 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Fjallar um þroskaferil mannsins frá getnaði fram á fullorðinsár. Einkenni líkamsþroska, vitsmunaþroska, félagsþroska, tilfinninga- og persónuleikaþroska á ólíkum aldursstigum kynnt. Þróun greinarinnar kynnt bæði sögulega og út frá ólíkum þroskakenningum. Farið er í hin ýmsu þroskafrávik og þau skoðuð út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Ýmis álitamál s.s. ótímabærar þunganir, vanræksla og starfslok rædd. Hin ýmsu mótunaráhrif skoðuð með sérstakri áherslu á unglingsárin. Öldrunarsálfræði kynnt. |
| **Forkröfur áfanga** | SÁLF2BA05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• þróun þroskasálfræðinnar sem vísindagreinar<br>• helstu kenningum í þroskasálfræði<br>• megineinkennum þroskaferilsins s.s. líkamsþroska, vitsmunaþroska, félagsþroska, tilfinninga- og persónuleikaþroska<br>• helstu þroskafrávikum, líkamlegum og andlegum<br>• helstu einkennum öldrunar og helstu viðfangsefnum öldrunarsálfræði |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• skoða kenningar í þroskasálfræði, greina á milli þeirra og tengja þær við eigin lífsferil í fortíð nútíð og framtíð<br>• leita upplýsinga og afla þekkingar á sviði þroskasálfræði í ólíkum miðlum, í viðtölum og/eða vettvangsheimsóknum<br>• beita vísindalegri hugsun og vinnubrögðum<br>• framfylgja helstu siðareglum sem gilda í sálfræði bæði í rannsóknum og upplýsingaöflun |

| | |
|---|---|
| | • tjá þekkingu sína í þroskasálfræði bæði í ræðu og riti<br>• vinna að sjálfstæðu rannsóknarverkefni er tengist efni áfangans |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• skilja hvernig líffræðilegir, vitsmunalegir og félagslegir þættir geta mótað atferli og þroska einstaklinga og þar með margbreytileika mannlegs samfélags sem er metið með könnunarprófi<br>• vinna úr rannsóknargögnum (eigin og annarra) og leggja á þau mat sem er metið með kynningum og rökræðum<br>• gagnrýna og taka gagnrýni með jákvæðum og málefnalegum hætti sem er metið með verkefnavinnu<br>• taka þátt í rökræðum um málefni er tengjast sálfræði sem er metið me rökræðum og kynningum |
| **Námsmat** | |